

Heimsókn í aðalbúðir ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo við Kárahnjúka

Íbúarnir ekki allskostar sáttir



Mötuneytið í aðalbúðunum er útbúið fyrir 50 manns en þjónar nú yfir tvö hundruð mönnum á matmálistímum.



Aðbúnaður starfsmanna Impregilo við Kárahnjúka hefur verið mikið í fréttum. **Steinn Ásmundsdóttir** blaðamaður fór á staðinn, kíkti á aðstæður og ræddi við íbúa.

Á MÁNUDAGSKVÖLD héldu yfirmenn verktakafyrirtækisins Impregilo fund með íslenskum starfsmönnum sínum við Kárahnjúkavirkjun. Tilfni fundarins var slakur aðbúnaður starfsmanna og launakjör, en auk þess kvarta starfsmenn yfir fjölmörgum öðrum þáttum sem þeir telja ábótavant. Á milli 50 og 60 Íslendingar vinna beint fyrir Impregilo við virkjunina, en auk þeirra eru fjölmargir Íslendingar að störfum hjá undirverktökum.

"Aðbúnaðurinn var efst í huga manna því það vill enginn búa við þetta lengur. Það eina sem yfirmenn Impregilo gerðu á þessum fundi var að sýna okkur mynd af aðalbúðunum eins og þær eiga að líta út fullgerðar og þeir segja þær verða tilbúnar í októberlok," segja íslenskir heimildarmenn Morgunblaðsins.

Tyrkneskir og rúmenskir vinnuhópar starfa nú linnulítið að því að reisa ný hús við búðir Impregilo við Kárahnjúka, sem kallast af heimafólki Main Camp eða aðalbúðir og hafa nýlega verið skírðar Laugarás.

Um 200 Portúgalir vinna nú fyrir Impregilo og eru þeir hafðir tveir saman í herbergi í búðunum og gildir hið sama um Íslendinga, Tyrki, Rúmena og fleiri erlenda starfsmenn. Ítalir í búðunum hafa sérherbergi, sem og starfsmenn Sotexo, sem starfa við mötuneyti og þrif.

Þau hús sem nú er verið að reisa verða öll fyrir Íslendinga og eiga að vera tilbúin í septemberlok. Aðrir sem tvímennt hafa í herbergjum eiga að fá sínar íverur í októberlok, en þá segja forsvarsmenn Impregilo að búðirnar verði að fullu tilbúnar.

50 manna mötuneyti þjónar 230 mönnum

Þegar aðalbúðirnar eru skoðaðar kemur í ljós ýmislegt sem verður að teljast hæpið að dugi fyrir yfir tvö hundruð manns í átta vikur í viðbót. Eldhúseining er til hliðar við búðirnar og er hönnuð fyrir 50 manns. Í fyrradag borðuðu þar 230 manns og matarbiðröðin náði út úr eldhúsinu og langar leiðir út á moldargötur. Við eldhúseininguna er áfastur útikamar úr harðplasti, því aðeins einn vaskur er í mótuneytinu.

Þeir sem koma í mat verða að skilja yfirhafnir sínar og skó eftir utandyra, því engin aðstaða er til þess í mótuneytiseiningunni. Þá geta menn ekki þvegið sér um hendur fyrir mat, þar sem eini vaskurinn er inni í eldhúsinu.

Ekkert geymslupláss er fyrir kælivörur við aðalbúðirnar. Einn vörugámur og annar frystigámur standa við mótuneytið, en í því sjálfu eru tveir litlir kæliakápar undir mjólk og ávaxtasafa. Kælivaran er keypt inn samkvæmt því og jafnan tveggja daga skortur á henni áður en ný sending berst. Lifa menn á ristun brauði þá dagana.

Vatnslagnir grafnar 15 cm í jörð

Fólk í aðalbúðunum hefur áhyggjur af því að í haust frjósi allar vatnslagnir, því þær eru aðeins grafnar um 15 cm ofan í jörðina. "Það þarf aldeilis ekki að kenna Impregilo að búa til svona kampa" segir einn Íslendingurinn í búðunum. "Þeir hafa byggt svona í Pakistan, á Indlandi og Afríku svo eitthvað sé nefnt og þurfa ekki leiðbeiningar um hvernig á að byggja í íslenskum aðstæðum. Það verður sjálfsagt líka upplit á þeim þegar íslenski skafrenningurinn brýst inn um þakskeggin á húsunum hér í vetur." Og meira um vatnsmál, því neysluvatnið er líkast illa trekktu tei, ljósbrúnt að lit. Um þessar mundir er verið er að leita að hæfri uppsprettulind, en tveir tuttugu þúsund lítra vatnstankar eru við búðirnar. "Það er komið með vatnið í geymslutankana á tveimur tankbílum tvisvar til þrisvar á dag og tankur annars þeirra er kolryðgaður að innan," segir einn íbúinn. "Okkur skilst að vatnið sé tekið úr drullupolli. En jafnvel þó tekið væri hreint vatn úr ánni yrði það ógeðslegt eftir þessa flutninga. Við vitum að margir hafa fengið illt í magann af vatninu og regla fremur en undantekning að fyrstu tvær vikurnar hér uppfrá séu menn með niðurgang. Við drekkum þetta vatn ekki ótilneydd."

Flæðir upp úr rotþróim

Ástandið í fráveitumálum í aðalbúðunum er sæmilegt, rotþróin er gerð fyrir 140 manns en 170 manns eru nú í búðunum. Í búðunum á Teigsbjargi er ástandið slæmt því rotþróin þar er gerð fyrir u.þ.b. helminginn af því fólki sem býr þar nú. Flæðir því úr rotþróinni yfir töluvert svæði.

Myrkrið verður feiknasvart í búðum Impregilo því hvergi eru útiljós og þurfa starfsmenn að fikra sig um eftir minni, ef þeir eru ekki svo heppnir að eiga vasaljós í fórum sínum.

Til skamms tíma var ekki finnanlegur sjúkrakassi í búðunum, sem var bagalegt þegar starfsmenn þurftu að búa um minni háttar skeinur. Eftir ítrekaðar beiðnir til Impregilo um úrbætur, gáfust starfsmenn Sotexo upp og hringdu í Landsbjörgu, sem sendi bíl fullan af sjúkrakössum í búðirnar, þannig að hvert herbergi hefur nú einn kassa. Nokkrir hjúkrunarfræðingar eru á virkjunarstað, ásamt einum rússneskum lækni sem fær ekki lyfjaleyfi.

Engin þvottavél er í búðunum og þarf að fara með allan þvott, hvort sem það eru flíkur af 170 manns, gólfuskur eða annað í búðir Arnarfells og fá þvegið þar. Setustofan er ætluð 30 manns, en þjónar 170 manna hóp. Sjónvarp næst ekki á virkjunarsvæðinu og lítið um að blöð og tímarit berist þangað.

Öllum viðmælendum blaðamanns kemur saman um að aðstaða portúgalskra starfsmanna sé lökust. Portúgölsku verkamennirnir segjast fá á milli fjórar og átta evrur á tímann sem samsvarar á milli um 350 og 700 íslenskra króna. Portúgalskir viðmælendur segja Impregilo leggja inn ákveðna upphæð á launareikning þeirra og taka svo hluta þess út nokkru síðar og sé þetta gert til að sýna fram á inngreiðslur. Margir Portúgalanna hafa þegar horfið frá störfum, en aðrir vilja þauka og sjá hvort ekki verður bætt úr.

Hafa fulla trú á Impregilo

Impregilo afhenti Landsvirkjun á dögunum nýja aðgerðaáætlun um uppbyggingu vinnubúða. Samkvæmt henni verður komið svefnrými fyrir um 800 manns í lok september. Alls vinna um 650 manns á virkjanarsvæðinu og þar af 580 hjá Impregilo. Talsmenn Landsvirkjunar segjast hafa fulla trú á að Impregilo muni takast að koma upp fullnægjandi aðstöðu fyrir veturinn og það sé ekki að undra að um byrjunarhnökra sé að ræða í verkefni af þessari stærðargráðu.
steinunn@mbl.is